

um samið i nefndum samningum, að uppsagnarfrestur skuli vera einn mánuður miðað við 1. júlí eða 31. des., en þeir samningar tóku gildi 1. júlí 1944 og skyldu gilda til 31. des. s. á. Samkvæmt þessu verður að telja, að samið hafi verið um mánaðaruppsagnarfrest á samningnum frá 21. des. 1944, og þar sem upphaf samningstíma er þar tiltekið, 1. október, er rétt að miða við þann dag. Var uppsögn stefnda 30. ágúst f. á. því lögmæt.

Samkvæmt framangreindu þarf ekki að taka aðrar dómkröfur stefnanda til athugunar og verða úrslit málsins þau, að stefndi verður algerlega sýknaður af öllum kröfum hans í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. marz 1947.

Nr. 2/1946. Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómur:

Mál þetta hefur Alþýðusamband Íslands höfðað f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja með stefnu, dags. 26. apríl f. á., gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar, allra í Vestmannaeyjum.

Hinn 11. júní f. á. var málið flutt munnlega hér fyrir dómi

og með úrskurði félagsdóms 14. s. m. var aðiljum gefinn kostur á að láta í té ýmsar upplýsingar. Verulegur dráttur varð á skýrslugjöf þessari af hendi beggja málsaðilja, og er málið því ekki dæmt fyrr en nú.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 1. september 1942 var gerður kjarasamningur milli vélstjórafélagsins og framangreindra vinnuveitenda í Vestmannaeyjum. Er 8. gr. samnings þessa svo hljóðandi:

„Samningurinn gildir frá 1. september 1942 til 31. desember 1943. Sé honum ekki sagt upp í nóvembermánuði framlengist hann um eitt ár í senn. Verði grunnkaupsbreytingar hjá öðrum stéttarfélögum almennt skal samningur þessi endurskoðast samkvæmt því.“

Í febrúarmánuði 1944 hækkaði kaup hjá félagsmönnum í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, samkvæmt samningi þess félags við Vinnuveitendafélag Íslands. Verklýðsfélag Vestmannaeyja hafði samið svo um við atvinnurekendur í Vestmannaeyjum með samningi, dags. 7. sept. 1942, að ef kaup breyttist hjá verkamannafélaginu Dagsbrún skyldi kaup í Vestmannaeyjum breytast í samræmi við það. Af þessum sökum leiddi kauphækkun Dagsbrúnar í febrúar 1944 til sömu hækkunar í Vestmannaeyjum, hjá félagsmönnum verklýðsfélagsins þar. Frá sama tíma hækkaði einnig kaup vélstjóranna frá því, sem um var samið með samningnum frá 1. sept. 1942, og að því er virðist um sama hundraðshluta og hjá verklýðsfélaginu. Ætla verður, að hækkunin hjá vélstjórunum hafi orðið án kröfu frá forráðamönnum félags þeirra, og er svo að sjá, að vinnuveitendur hafi ótilkvaddir tekið að greiða hærri kaup. Að minnsta kosti var kaupbreyting þessi hvorki staðfest skriflega af samningsaðiljum né rædd munnlega, en forráðamenn vélstjórafélagsins rituðu á samninginn frá 1. sept. 1942, að með vísun til 8. gr. þess samnings, væri kaupið svo sem þar segir og tekur upp þær tölur, sem greitt var eftir frá 22. febr. 1944. Geta má þess, að frá sama tíma og framangreindar kaupbreytingar áttu sér stað, hækkuðu atvinnurekendur þeir, sem að vélstjórasmningnum stóðu, einnig kaup verkakvenna í verkakvennafélaginu Snót, og hefur því ómótmælt verið haldið fram af þeirra hálfu, að engin ákvæði um endurskoðun eða kaupbreytingu hafi verið í samningum þeirra við verkakvennafélagið, þó kaup breyttist hjá öðrum félögum á samningstímabilinu.

Hinn 1. marz 1946 hækkaði kaup félagsmanna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík í almennri vinnu. Nam sú hækkun 8%, að því er talið er. Varð þá samsvarandi hækkun hjá Verklýðsfélagi Vestmannaeyja og verkavennafélaginu þar. Vélstjórnarnir vildu þá fá sömu hækkun og byggðu þann rétt sinn á ákvæðum síðasta málsliðs 8. gr. samningsins frá 1. sept. 1942, að ef grunnkaupsbreytingar yrðu hjá öðrum stéttarfélögum almennt skyldi samningurinn endurskoðast samkvæmt því. Atvinnurekendur synjuðu þeim þessarar hækkunar og þar sem samkomulag náðist ekki, skaut vélstjórastjórnin ágreiningi þessum hér fyrir dóm.

Dómkröfur stefnanda í málinu eru þær, að dæmt verði, að stefndu sé samkvæmt 8. gr. framangreinds samnings málsaðilja frá 1. september 1942 skylt að greiða félagsmönnum í Vélstjórastjórn Vestmannaeyja 8% grunnkaupshækkun frá og með 1. marz 1946, á það kaup, sem þá var gildið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að í framangreindu ákvæði 8. gr. samningsins frá 1. sept. 1942, þ. e. síðasta málslið greinarinnar, felist tvímælalaus og óskoruð skylda, til þess að breyta kaupákvæðum hans í samræmi við þær breytingar, er verði á kaupum hjá öðrum stéttarfélögum í Vestmannaeyjum. Nú hafi almennar kaupbreytingar orðið þar tvisvar. Fyrst í febrúar 1944 og síðar 1. marz 1946. Sé því í bæði skiptin fullnægt ákvæðum nefndrar 8. gr. Hlutaðeigandi vinnuveitendur hafi og með framkomu sinni í febrúar 1944, er þeir hækkuðu kaup vélstjórnanna í samræmi við kauphækkunir hjá hinum verklýðsfélagunum, sýnt í verki, að skilningur stefnanda á umræddu ákvæði sé réttur, þó þeir nú telji skyldu sína samkvæmt ákvæði þessu ekki svo viðtæka, sem stefnandi heldur fram.

Stefndu byggja sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að umrædd ákvæði oftnefndrar 8. gr. feli ekki í sér óskoraða skyldu til þess, að kaupákvæði samningsins skuli breytast sjálfkrafa, þótt kaupbreytingar verði hjá öðrum verklýðsfélögum. Ákvæðið geri aðeins ráð fyrir heimild til þess að taka samninginn til endurskoðunar að þessu leyti, og sé í

raun og veru aðeins rýmkun á uppsagnarákvæðum greinarinnar, sem hefði getað leitt til uppsagnar á kaupákvæðum samningsins, þó samningstími væri ekki liðinn. Telja þeir, að ef binda hefði átt kaupbreytingar við ákvarðanir annarra en samningsaðiljanna, hefði slíkt þurft að vera sett fram á þann hátt, að ekki yrði um villst, að sú hefði verið ætlun aðiljanna. Mótmæla stefndu því, að kauphækkunin 1944 hafi verið byggð á þessu samningsákvæði, heldur hafi vinnuveitendur aðeins, er þeir þá hækkuðu kaupið, farið eftir því, sem þá hafi mátt teljast sanngjarnt, og án þess að nokkur krafa kæmi fram um það frá vélstjórunum. Jafnframt benda þeir á, að þeir hafi þá einnig hækkað kaupið hjá félögum verkakvinnafélagsins Snótar, þó ekkert ákvæði væri í samningi þeirra við það félag um endurskoðun eða breytingu á kaupi, þó kaupbreytingar yrðu hjá öðrum félögum á samningstímabilinu.

Skýrslum þeirra manna, sem stóðu að samningsgerðinni 1. sept. 1942 og settu umdeilt ákvæði í hann, ber ekki saman um það, hversu viðtæk skylda til hækkunar eða lækkunar kaups skyldi í því felast. Hafa því ekki fengizt svo skýrar skýrslur um yfirlýsingar aðiljanna þá, að á þeim verði byggt.

Eins og að framan greinir er hið umdeilda ákvæði á þá leið, að „*verði grunnkaupsbreytingar hjá öðrum stéttarfélögum almennt skal samningur þessi endurskoðast samkvæmt því*“. Dómurinn lítur svo á, að gegn mótmælum annars samningsaðiljans verði þetta orðalag ekki talið nægilega ótvírætt til þess, að hægt sé að byggja á því sjálfstæðan rétt til hækkunar eða lækkunar á kaupi um tiltekna upphæð eða hundraðshluta. Verður að telja, að nota hefði þurft ákveðnara orðalag, ef það var ætlun aðilja að semja sig skilorðslaust undir ákvarðanir þriðja aðilja um hæð kaupsins. Og þó atvinnurekendur hækkuðu sjálfkrafa kaupið í febrúar 1944 verður það, eins og á stóð, ekki talin næg sönnun þess, að skilja beri umrátt ákvæði á þann hátt, er stefnandi heldur fram.

Af þessari niðurstöðu leiðir, að vélstjórnarnir áttu ekki sjálfstæðan samningslegan rétt til 8% hækkunar á kaupi sínu frá 1. marz 1946, og ber því þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefndu til greina. Er þá ekki þörf að ræða aðrar málsástæður þeirra.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Einars Sigurðssonar, Magnúsar Guðbjartssonar, Ísfélags Vestmannaeyja h/f og Ástþórs Matthíassonar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alpýðusambands Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. júní 1947.

Nr. 3/1947. **Vinnuveitendafélag Íslands** (Eggert Claessen hrl.)
gegn

Alpýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlíf (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Deilt um lögmæti samúðarverkfalls.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendafélagi Íslands gegn Alpýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlíf með stefnu dags. 10. þ. m.

Tildrög málsins eru þessi:

Hinn 30. maí s. l. boðaði verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík Vinnuveitendafélagi Íslands, að það mundi hefja verkfall frá og með 7. þ. m., og með bréfi, dags. 4. þ. m., sem barst stefnanda 6. s. m., tilkynnti verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði honum eftirfarandi samþykkt trúnaðarmannaráðs félagsins:

„Fundur haldinn í trúnaðarmannaráði V.m.f. Hlíf miðvikudaginn 4. júní 1947, samþykkir verkþann á allar vörur eða flutningatæki, sem V.m.f. Dagsbrún í Reykjavík lýsir í bann frá og með 7. júní.

Enn fremur samþykkir fundurinn samúðarvinnustöðvun frá og með 14. júní 1947 eftir því, sem tilefni gefst til hjá eftirtöldum aðiljum: H/f Eimskipafélagi Íslands, Skipaútgerð ríkisins, Reykjavíkurbæ, Vinnuveitendafélagi Íslands.“

Stefnandi telur, að „verkþann“ það, sem umræðir í fyrri hluta samþykktarinnar sé raunverulega samúðarverkfall með nefndu verkfalli Dagsbrúnar, er hófst 7. þ. m. Nú hafi verkamannafélagið Hlíf tilkynnt það án nokkurs fyrirvara og